

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1947.

Auglýsing um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Belgíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 24. desember 1947, nr. 132.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 128 1947, um dýrtiðarráðstafanir, undirskrifuð af forsetanum 31. desember 1947, nr. 133.

Auglýsing um staðfesting forseta Íslands á breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 47 frá 30. júní 1942, undirskrifuð af menntamálaráðherra 13. nóvember 1947, nr. 134.

Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Árnessýslu, um skiptingu Sandvíkurhrepps í tvö sveitarfélög.

196
18. des.

Samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 52 7. maí 1946, um sameiningu Selfossbyggðar í eitt hreppsfélag, sbr. og sveitarstjórnarlög nr. 12 31. maí 1927, vill ráðuneytið hér með skipa svo fyrir um skiptingu á sameiginlegum eignum og skuldum Sandvíkurhrepps í Árnessýslu milli hins nýja Sandvíkurhrepps og Selfosshrepps.

1. Barnaskólinn á Selfossi ásamt skólalóðinni, er takmarkast að sunnan af núverandi lóðarmörkum milli hreppsins og Selfossjarðeigenda, tíu metra frá áveituskurði, að vestan af Tryggvagötu, að norðan af suðurhlíð Tryggvagarðs og að austan af framlengdum Bankavegi, skal vera sameign beggja hreppanna í hlutföllum $\frac{4}{5}$ í hlut Selfosshrepps og $\frac{1}{5}$ í hlut Sandvíkurhrepps.
2. Öllum eignum, skuldum og ábyrgðum hins gamla Sandvíkurhrepps skal skipt þannig, að $\frac{4}{5}$ hlutar falli í hlut Selfosshrepps og $\frac{1}{5}$ í hlut Sandvíkurhrepps, eftir því mati á eignum, sem hreppsnefndirnar hafa komið sér saman um. Þó gilda þau sérákvæði um brunabótasjóð Sandvíkurhrepps, að hann fellur óskiptum í hlut Sandvíkurhrepps hins nýja.
3. Framfærsla allra núverandi styrkþega sé sameiginleg og einnig þeirra, sem kunna að verða úrskurðaðir á hinn forna Sandvíkurhrepp. Hreppsnefnd hvors hrepps annist um ráðstöfun og greiðslu vegna sameiginlegra styrkþega, sem heima eiga innan hvors hrepps fyrir sig. Af heildarkostnaði við sameiginlega styrkþega greiðir hvor hreppur eftir sama hlutfalli og við skiptingu eigna og skulda. Um hver áramót skulu hreppsnefndir leggja fram reikninga yfir kostnað vegna sameiginlegra styrkþega.
4. Hreppsnefndarmenn skulu vera 7 í Selfosshreppi, en 5 í Sandvíkurhreppi.
5. Bækur og skjöl hins forna Sandvíkurhrepps skulu vera eign hins nýja Sandvíkurhrepps, en hreppsnefnd Selfosshrepps hefur aðgang að þeim eftir þörfum.
6. Stjórn fjallskilamála beggja hreppanna verði sameiginleg og í höndum hreppsnefndar Sandvíkurhrepps, með samkomulagi við hreppsnefnd Selfosshrepps um þau atriði, er þann hrepp varðar. Að öðru leyti fer um fjallskil hreppanna eftir gildandi fjallskilareglugerð á hverjum tíma.
7. Skipting hreppsins miðast við 1. janúar 1947. Framkvæmd skipta á eignum, skuldum og sveitarþyngslum annast hreppsnefndir hinna nýju hreppa og hafa þær komið sér saman um skiptin.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Sandvíkurhreppi sem dómpinghá né manntalsþinghá.

55